



DRÖG

Reiðhjólaferðir

Sértæk gæðaviðmið nr. 223

5. útgáfa 2022

FERÐA
MÁLA
STOFA

ICELANDIC
TOURIST
BOARD



Eftirfarandi gæðaviðmið eru fyllt út af fulltrúa fyrirtækisins. Nauðsynlegt er að gefa greinagóðar upplýsingar um það hvernig hvert og eitt viðmið, sem á við starfsemi fyrirtækisins, er uppfyllt t.d. með tilvísun í gæðahandbók, öryggisáætlanir, myndir eða önnur gögn. Í vettvangsheimsókn sannreynir úttektaraðili upplýsingarnar.

223-1	Öryggi	Já	Á ekki við	Hvernig uppfyllt/skýringar
223-1.1	Fyrir hverja ferð er til ferðaáætlun (skrifleg lýsing) þar sem m.a. er fjallað um leiðir sem fara skal, tímaáætlun og fyrirkomulag ferðar.			
223-1.2	Til er gátlisti um öryggisbúnað í ferðum t.d.: <ul style="list-style-type: none"> a. Búnað til að veita fyrstu hjálp. b. Fjarskiptabúnað (GSM dugar í þéttbýli). c. Leiðsögutæki. d. Búnaður til viðgerða á hjólum. e. Auka fatnaður. f. Annað eftir aðstæðum í hverri ferð. 			
223-1.3	Til er skrifleg áætlun um viðhald, þrif og endurnýjun búnaðar. Í henni er m.a. fjallað um eftirfarandi: <ul style="list-style-type: none"> a. Reglulega skoðun og prófun búnaðar. b. Sótthreinsun og þrif á búnaði. c. Líftíma búnaðar m.t.t. aldurs og notkunar, þar með talið hjálmar (sjá viðurkennd viðmið framleiðanda). 			
223-1.4	Til eru skrifleg viðmið um fjölda viðskiptavina á leiðsögumann eftir því hvers konar aðstæður eru í hverri ferð.			
223-1.5	Í undirbúningi fyrir ferðir fara leiðsögumenn yfir gátlista þar sem fram koma atriði varðandi m. a.: <ul style="list-style-type: none"> a. Ferðaáætlun og leiðir sem fara skal. 			

	<ul style="list-style-type: none"> b. Veðurspá. c. Búnað. d. Upplýsingar um viðskiptavini. e. Að viðbragðsáætlanir séu ávallt með/aðgengilegar í ferðum. 			
223-1.6	<p>Til er gátlisti fyrir leiðsögumenn um þau öryggisatriði sem farið er yfir með viðskiptavinum fyrir ferð og á meðan á ferð stendur m.a. varðandi:</p> <ul style="list-style-type: none"> a. Staðhætti og veðurskilyrði. b. Tímaáætlun. c. Öryggisráðstafanir þar sem gæta þarf sérstakrar varúðar vegna aðstæðna. d. Réttta notkun á reiðhjólum. e. Notkun hjólahjálma. f. Viðeigandi skjólfatnað og búnað. g. Næringu, drykkjarföng og aðgengi að vatni í ferð. h. 112 neyðarnúmer á Íslandi. 			
223-1.7	Gætt er að bremsum og dekkjum fyrir hverja ferð t.d. að loftþrýstingur í dekkjum sé réttur.			
223-1.8	Fyrirtækið hefur sett sér skriflegar viðmiðunarreglur um hvenær beri að aflýsa ferð vegna veðurs.			
223-2	Umhverfi	Já	Á ekki við	Hvernig uppfyllt/skýringar
223-2.1	Ávallt eru notaðir merktir vegir eða viðurkenndir ökuslóðar. Þar sem þess er ekki kostur, s.s. að vetralagi, er forðast að hjóla/aka um svæði þar sem náttúrufar er viðkvæmt sbr. gildandi lög um náttúruvernd.			

223-2.2	Þegar hjólað er á göngustígum er forðast að valda skemmdum á þeim og nærumhverfi þeirra.			
223-2.3	Fyrirtækið notar skipulögð tjaldsvæði þar sem unnt er. Sé þess ekki kostur er gætt að því að ekki sjáist ummerki eftir dvölin á staðnum.			
223-2.4	Ef kveiktur er eldur, skal eldiviður fluttur inn á svæðið, og þess gætt að hann sé að fullu slökktur áður en farið er af staðnum. Notað er eldstæði sem þegar er á staðnum þar sem unnt er sbr. gildandi lög um náttúruvernd.			
223-2.5	Viðskiptavinir eru fræddir um salernisúrræði þar sem hefðbundin aðstaða er ekki fyrir hendi.			
223-2.6	Allur úrgangur sem ekki eyðist í náttúrunni er fjarlægður.			
223-2.7	Í upphafi ferðar minnir leiðsögumaður viðskiptavini á ábyrga ferðahegðun.			
223-3	Menntun og þjálfun	Já	Á ekki við	Hvernig uppfyllt/skýringar
223-3.1	Leiðsögumenn fá þjálfun í notkun tækjabúnaðar m.a. til að geta gefið upp staðsetningu og veitt upplýsingar um aðgengi að því svæði sem farið er um ef kalla þarf eftir aðstoð. Í þjálfuninni skal m.a. fara yfir eftirfarandi: <ul style="list-style-type: none"> a. Notkun áttavita og korts. b. Notkun GPS staðsetningartækis. c. Notkun viðeigandi fjarskiptamáta fyrir mismunandi svæði, t.d. farsími, talstöð og Tetra. 			
223-3.2	Leiðsögumenn í ferðum utan þéttbýlis hafa lokið námskeiðinu <i>Fyrsta hjálp 1</i> (20 klst.) hjá Slysavarnafélaginu Landsbjörg eða			

	sambærilegu skyndihjálparnámskeiði* frá viðurkenndum aðila og sækja upprifjunarnámskeið (4 klst.) á tveggja ára fresti.			
223-3.3	A.m.k. einn leiðsögumaður í hverri ferð um óbyggðir** hefur lokið námskeiðinu <i>Fyrsta hjálp í óbyggðum</i> (WFR) hjá Slysavarnafélaginu Landsbjörg, eða sambærilegu námskeiði* hjá öðrum aðila og sækir upprifjunarnámskeið á þriggja ára fresti.			
223-3.4	A.m.k. einn leiðsögumaður í hverri ferð um óbyggðir** hefur lokið námskeiðinu <i>Rötun</i> hjá Slysavarnafélaginu Landsbjörg eða sambærilegu námskeiði* hjá öðrum aðila.			

**Ef leiðsögumaður hefur lokið námskeiði frá öðrum aðila þarf að skila skriflegum gögnum varðandi það til úttektaaðila. Gögnin þurfa m.a. að innihalda námskeiðslýsingu og upplýsingar um leiðbeinanda námskeiðsins. Úttektaaðili metur hvort að námskeið teljist sambærilegt.*

***Óbyggðir eru staðir eða svæði þar sem tekur a.m.k. tvær klst. að fá utanaðkomandi bjargir.*

Ath. Að sumri á viðmið 223-3.4 ekki við um F-vegi.